

Nd.

209. Frumvarp til laga

[99. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1958 skal koma saman föstudaginn 10. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1958 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi föstudaginn 10. október 1958.